

# Vímuvvarnarstefna Umf. Skallagríms

## Íþróttaiðkun er lífsstíll - vímuefnalaus

*Undir hugtakið vímuefni falla bæði lögleg og ólögleg vímuefni þ.m.t. tóbak og áfengi.*

1. UMFS gerir það að markmiði sínu að efla heilbriggt íþróttastarf á vegum félagsins. Skal það ná yfir sem breiðastan aldurshóp.
2. Vímuvvarnarstefna UMFS er unnin í samvinnu við foreldrafélag Grunnskóla Borgarness og Tómstundanefnd Borgarbyggðar.
  - a) Heimili, skóli, íþróttir. Þetta þrennt er svo nátengt að samvinna þar á milli er grundvöllur þess að UMFS nái fram markmiðum sínum, sem jafnframt hljóta að tengjast markmiðum heimilis og skóla. Hraust sál í hraustum líkama.
3. Neysla vímuefna í tengslum við íþróttastarf á vegum UMFS er bönnuð. Á það við um keppendur og þjálfara á heimavelli sem og á íþróttiferðalögum á vegum UMFS.
  - a) Hverskyns notkun vímuefna í og við þau mannvirki þar sem starfsemi félagsins fer fram er með öllu óheimil.
  - b) Verði reglur þessar brotnar hafa stjórnir félagsins heimild til þess að áminna viðkomandi eða vísa frá æfingum eða keppni.
4. UMFS hefur það að markmiði sínu að til félagsins verði ráðnir hæfir þjálfarar og gerir þær kröfur til þjálfara, fararstjórna og íþróttafólks á vegum félagsins að það geri sér grein fyrir þeirri fyrirmynd sem þeir eru og þeim áhrifum sem þeir hafa. Við erum fyrirmyndir – hegðun okkar hefur áhrif.
  - a) Það að hafa hæfa þjálfara laðar börn og unglunga enn frekar að íþróttaiðkun og hvetur foreldra til að styðja börn sín til slíks.
5. UMFS mun halda námskeið fyrir þjálfara og stjórnarmenn á vegum félagsins um forvarnir.
  - a) Skyldumæting er á námskeiðin og er aðalstjórn heimilt að áminna deildir fyrir hvern þann þjálfara sem ekki mætir.
  - b) Dreift verði til félaga UMFS upplýsingum og fræðsluefni um starfsemi félagsins.

*Íþróttir og þú eiga æfilanga samleið – vímuefnalaust.*